

Litli-Hver



Í fótspor skáldsins

Laugardaginn 21. apríl heimsóttu félagar og starfsmaður Klúbbsins Geysis Gljúfrastein sem var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálftrar aldar skeið. A safninu er í boði hljóðleiðsögn fyrir þá sem heimsækja safnið. Í húsinu er bókasafn skáldsins varðveitt svo og vinnupúltið sem hann stóð við og skrifaði. Þeir sem heimsóttu safnið voru sammála að ferðin hefði verið bæði skemmtileg og fróðleg.

Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is Veffang: www.kgeysir.is
Facebook: Klúbburinn Geysir

Viðtal við Elínu Símonardóttur félaga í Klúbbnum Geysi

Njótum sumarsins í botn

Elín segist hafa sótt Klúbbinn Geysi nokkuð lengi áður en hún gerðist skráður félagi, en það gerðist í október 2009. Fram

að því hafði hún komið stundum í heimsókn með fólki sem hún þekkti og voru í klúbbnum og þá aðallega í félagslega dagskrá.

Hún segir langskemmtilegast að koma í jólaveisluna, bæði vegna skemmtiatriðanna og jólahappdrættisins. Það minnir alltaf á aðventuna að koma í Geysi á þessum tíma.

Hvað með aðra tíma ársins? Það er bara alltaf gott að koma,



Elín stillti sér upp á skrifstofu klúbbsins.

Hvað er er svona fallett við bleikan lit? Hann minnir mig á sumarið og vorið og í gamla daga var maður oft í bleikum fötum á sumrin.

Áttu þér uppáhalds tónlist og tónlistarmann? Stuðmenn eru í passlega miklu uppáhaldi. Textarnir þeirra finnst mér skemmtilegir.

Áttu uppáhaldsleikara og af hverju? Já, Stína stuð, eða Steinka Bjarna. Mér fannst hún bæði fyndin og skemmtileg. Af núlifandi leikurum finnst mér Jón Gnarr skemmtilegastur.

Áttu þér uppáhalds uppistandara? Jú það er hann sonur minn Jóhann Alfreð Kristinsson

En hver eru helstu áhugamál þín? Mér finnst gaman að fara í sundlaugarnar og fer aðallega í Sundhöllina. Einnig finnst mér gaman að hlusta á tónlist og taka í spil.



Elín hefur verið á snjalltækjanámskeiði á vegnum Fjömenntar sem haldið er í Klúbbnum Geysi. Hér er hún tv. ásamt Kristínu sem kennir á námskeiðinu og samnemendum sínum

því hér er góður andi og góður matur.

Hver er uppáhalds liturinn þinn? Bleikur.

Hvað spilar þú þá? Ég spila rommí og manna.

Ég hef heyrt að þér þyki gaman að ferðast. Já, það finnst mér mjög gaman. Ég hef ferðast mikið bæði erlendis og hér heima. Ég er í ferðafélaginu Víðsýn, en gestir Vinjar halda utan um ferðafélagið Víðsýn. Við fórum 23. apríl í 5 daga ferð til Sitges á Spáni.

Elín segist hafa komið til allra Norðurlandanna. „Ég hef meira að segja líka komið til Færeyja. Það var svolítið kalt í Færeyjum, svipað og á Íslandi. Landslagið var fallegt, en mér fannst þeir svolítið skemmtilegir. Einnig hef ég komið til Þýskalands og Englands. Svo fór ég einu sinni til Króatíu með Geðhjálp,“ bætir Elín við.

Eitthvað sem þú vilt segja að lokum? „Ég vil bara óska öllum góðs sumars og vona að allir félagar í klúbbum njóti sumarsins í botn.“

Viðtal Benni

Skráning í Örþonið

Það styttest alltaf í Geysisdaginn 9. júní næstkomandi. Félagar, aðstandendur og aðrir áhugasamir um heilnæma og upplífandi hreyfingu eru hvattir til þess að skrá sig í Örþonið. Tökum þátt og látum að okkur kveða?

Útvarp Geysir (ÚG) er nú vistað á síðu twitch.tv

Til þess að hlusta á útvarpið er hægt að fara inn á heimasíðu klúbbsins kgeysir.is (hægri dálkur) og smella á myndina af útvarpinu. Þar er linkur á twitch.tv Mikill undirbúningur hefur verið í gangi við að klára tæknihljóðina og leggja drög að dagskrá. Stefnt er að því að hefja tilraunaútsendingu föstudaginn 4. maí. Fyrst verðum við í klukku tíma á dag og fjölga síðan útsendingarstundum í framhaldinu í júní ef vel tekst til.



Þorkell Jóhannesson útvarpsfrömuður

Að sögn Þorkels Jóhannessonar, sem er einn af hvatamönnum útvarpsins hefur undirbúningur gengið vel, en alltaf má bæta við góðum mönnum með góðar hugmyndir og metnað til þess að efla dagskrárgerð ÚG.

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. |
|---|--|-----------------------------|--|---|---|
| | 1. Frídagur aþýðunnar. LOKAÐ í Geysi | 2. Kálbögglar | 3. Hlaðborð | 4. Bixímatur | 5. |
| 7. Baunabuff með salati | 8. Fiskibollur | 9. Kjöt í karrý | 10. Uppstígur Jésú til himins. LOKAÐ í Geysi | 11. Saltað folaldakjöt með kartóflumús | 12. Opið Hús í Geysi eða farið út í bæ |
| 14. Pastasalat | 15. Fiskur í orlyjukki | 16. Lamba- pottréttur | 17. Hlaðborð | 18. Kjötsúpa | 19. |
| 21. Annar í hvítasunnu. LOKAÐ í Geysi | 22. Soðinn fiskur | 23. Pylsu- pottréttur | 24. Hlaðborð | 25. Pítsa/Flatbaka | 26. |
| 28. Aspas- súpa | 29. Steiktur fiskur í raspi | 30. Chili Con Carne | | | |

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að fjörga matseðil Klúbbsins Geysis. Mættu þá á eldhúsfund kl. 10:30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

RTR-fréttir

**Lausar
stöður í**

RTR á

Bakka:

Áhugasamir
hafi

samband við Benna og/eða
Tótu í síma 5515166.



Tölvuverið

- Tölvuver er í boði fyrir félagar í Klúbbnum Geysi á þriðjudögum frá kl. 11:15 til 12:15. Þar geta félagar fengið aðstoð og leiðbeiningar í notkun ýmissa forrita, eins og Word, Publisher, interneti og öðru sem félagar hafa áhuga á. Félagar eru hvattir til að kynna sér aðstöðuna og taka þátt.

Afmælisveislan fyrir félagar sem eiga afmæli í maí verður þriðjudaginn 29. maí kl. 14:00

Geysisdagurinn 2018

Þann 9. júní næstkomandi verður Geysisdagurinn haldinn þar sem ýmislegt verður til skemmtunar. Þar má nefna Útvarp Geysis sem ætlar að sjá um tónlistina einnig kemur fram frábært tónlistarfólk og auðvitað verður kaffi og kökusalan í fullum gangi.

Flóamarkaðurinn verður á sínum stað þar sem félagar og aðrir gestir hafa gert oftast en ekki virkilega góð kaup.

Dagskrá byrjar kl. 11:00 og stendur dagskrá til kl. 15:00.



Fjáröflun ferðasjóðs

Núna er söfnunin komin á fullt enda stefnir stór hópur til Tenerife um miðjan september næstkomandi. Til sölu eru lakkrísþokar og hlauppokar á 1.000 kr. Einnig WC-pappír og/eða eldhúspappír á 4.000 kr.



Geysir verður lokaður eftirtalda daga í maí

1. maí

Alþjóðlegur
verkalýðsdagur

10. maí

Uppstigningardagur

21. maí

Annar í hvítasunnu



Fjáröflunarleikur FC Sækó og FC Kreisí

Laugardaginn 14. apríl síðastliðinn fór fram góðgerðarleikur fyrir FC Sækó gegn FC Kreisí en leikið var í Egilshöll. Þar á meðal voru margir þjóðþekktir einstaklingar mættir í liði FC Kreisí. Liðsmenn FC Kreisí voru meðal annarra Stefán Eiríksson borgarritari, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar og oddviti Vinstri grænna, Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins, Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins auk oddvita annarra flokka sem bjóða fram til borgarstjórnarkosninga í vor. Þá voru Eiður Smári Guðjohnsen knattspyrnumaður, og Sveppi með í leikum. Tilgangurinn var að safna fé svo FC Sækó geti farið í æfinga- og keppnisferð til Noregs í sumar. Verkefnið FC Sækó eða „geðveikur fótbolti“ hófst í nóvember 2011 sem samstarfsverkefni Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkur og Geðsviðs Landspítalans, en FC Sækó er sjálfstætt íþróttafélag. Tilgangur þess er að efla og auka virkni fólks með geðraskanir og gefa þeim tækifæri til að iðka knattspyrnu sem og að draga úr fordómum. Markmið FC Sækó er

fyrst og fremst að efla andlega og líkamlega heilsu fólks, vera sýnileg og hafa gaman. Á æfingum eða í leikjum eru allir jafnir og þannig styðjum við hvert annað og drögum úr fordómum.

Heilsuvika 4. til 8. júní

Árleg heilsuvika Klúbbsins Geysis verður að vanda í júní. Búið er að fá marga og góða fyrirlesara og matgæðinga til þess að taka þátt í starfinu með okkur.

Eins og allir vita er heilsuvikan haldin í aðdraganda Geysisdagsins sem haldinn verður hátíðlegur í ár þann 9. júní næstkomandi.

Tökum vikuna frá og 9. júní og tökum þátt í fræðandi og ekki síst skemmtilegu starfi.



Fulltúar framboða til borgarstjórnar Reykjavíkur á fundi í Geðhjálp

Sveitarstjórnar- kosningar 26. maí 2018.

Samráðshópur úrræða í geðheilbrigðismálum: Geðhjálp, Geðverndarfélag Íslands, Höndin, Vin, Dvöl, Lækur, Hlutverkasetur og Klúbburinn Geysir boðuðu fulltrúa framboða til borgarstjórnar Reykjavíkur til opins fundar í Geðhjálp þriðjudaginn 17. apríl síðastliðinn. Tíu framboð þekktust boðið. Fundurinn fór vel fram og var málefnalegur. Fundurinn snerist um stöðu geðheilbrigðismála í dag og hver framtíðarsýn flokkanna



Fulltrúar framboðanna í Reykjavík mættu til fundarins og létu ljós sitt skína.

væri. Þó merkja mætti ólíkar áherslur hjá framboðunum var þó sameiginlegt öllum viljinn til að gera betur.

Á tröppum skáldsins

Laugardaginn 21 apríl heimsóttu félagar og starfsmaður Klúbbsins Geysis Gljúfrastein sem var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálfra aldar skeið.

Íslenska ríkið keypti húsið árið 2002, þegar öld var liðin frá fæðingu skáldsins, og tveimur árum síðar var það opnað almenningi.

Húsið er safn Halldórs Kiljans Laxness þar sem heimili og vinnustaður hans eru látin haldast óbreytt. Á safninu er í boði hljóðleiðsögn fyrir þá sem heimsækja safnið.

Stærstu vistarverurnar eru stór stofa á jarðhæð og skrifstofa Halldórs á annarri hæð. Þar er bókasafn hans varðveitt svo og vinnupúltið sem hann stóð við og skrifaði. Þeir sem heimsóttu safnið voru sammála að ferðin hefði verið bæði skemmtileg og fróðleg.



Þessa einstöku mynd tók Helgi Halldórsson ljósmyndar af hópnum ásamt skáldinu sem vildi endilega vera með.

Breyting á dreifingu

Litla-Hvers

Í ljósi óheyrilegs kostnaðar við dreifingu Litla-Hvers með póstinum, hefur verið ákveðið að hætta að senda Litla-Hver til félaga og annarra velunnara klúbbsins. Fyrsta tölublað þessa árs var því síðasta tölublaðið sem berst með hefðbundinni póstdreifingu. Í staðinn verður Litli-Hver sendur rafrænt til þeirra sem þess óska og að sjálfsögðu verður hann aðgengilegur á heimasíðu klúbbsins. Okkur þykir þetta miður, en verðum að láta á þetta reyna. Jákvæður skilningur er á stöðunni. Litli-Hver verður þó prentaður áfram í litlu upplagi og félagar sem það vilja geta nálgast blaðið í klúbbum.

Takk fyrir skilninginn.

Húsfundir

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Þar er rétti staðurinn fyrir félaga til að koma skoðunum sínum á framfæri og taka þátt í opnum umræðum.

Allir að mæta!

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 8:30 - 16:00, nema föstudaga er opið frá 8:30 - 15:00.

Félagsleg dagskrá í maí 2018

Fimmtudagur 3. maí
Farið út að borða

Fimmtudagur 10. maí
Uppstigningardagur Lokað í Klúbbum Geysi

Laugardagur 12 maí
Opið hús eða haldið á vit ævintýra í bænum

Fimmtudagur 17. maí
Vorstemning í Húsdýragarðinum

Fimmtudagur 24. maí
Vorganga niður Laugavegin í Reykjavík

Fimmtudagur 31. maí
Opið hús í Geysi



Batastjörnuherbergið tekið í notkun

Undanfarnar vikur hefur verið unnið í að koma Batastjörnuherbergi í horf. Búið er að mála, setja upp ljós borð og stóla. Á myndinni eru Helena og Begga að prófa aðstöðuna og ræða málin.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **9:15** og **13:15**. Þar er farið yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Æskilegt er að félagar mæti á deildarfundina. Tökum ábyrgð og ræktum vináttuböndin.